

Tillaga til bæjarstjórnar

Tillögu flytjandi: Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks

Efni: Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2024-2027

Dags: 8. nóvember 2023

Tillaga 1:

Að gert verði samkomulag um að Golfklúbbur Mosfellsbæjar fái fjármagn til næstu 3 ára, samtals 55 milljónir króna, til að gera nauðsynlegar breytingar á legu og skipulagi golfvallarins í Mosfellsbæ sem mun tryggja öryggi íbúa við Súluhöfða og gangandi vegfarenda. Með breytingunni þarf að breyta deiliskipulagi golfvallarins og snúa við einni golfbraut vallarins. Tryggja þarf að meðfram samkomulaginu verði tryggt að golfklúbburinn geri strax bráðabirgðabreytingar á vellinum sem munu auka öryggi í kringum völlinn þangað til að breytingum verði lokið sem er áætlað að taki 2-3 ár.

Tillaga 2:

Endurskoðun á tekjum vegna lóðasölu og byggingaréttar.

Tillaga 3:

Að sett verði á stofn FabLab smiðja/Nýsköpunarsmiðja sem styður við nýframsetta atvinnustefnu Mosfellsbæjar, líkt og fulltrúar D-lista hafa áður lagt til bæði í bæjarráði og einnig fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Tillaga 4:

Að farið verði í endurnýjun og lagfæringar á sviði í Hlégarði ásamt því að lokið verði við fjárfestingar á hljóðkerfi og unnið að bættri hljóðvist í húsinu.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Sveinsson
Jana Katrín Knútsdóttir
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Helga Jóhannesdóttir